

25 Þegar dreginn hefir verið síðasti vinningsmiði í hverjum drætti, skulu eftirlitsmenn innsigla þráðinn á annað spjald með innsigli happdrættisráðs.
5. marz

Þegar að loknum drætti skulu eftirlitsmenn fullvissa sig um að dreginn hafi verið allir miðar úr vinningastokk, að dreginn hafi verið rétt tala hlutamiða og vinningsmiða og bera tölur miðanna saman við báðar gerðarbækurnar, þar sem tölurnar eru skráðar. Að því loknu innsigla eftirlitsmenn hlutastokkinn með innsigli happdrættisráðs. Skulu eftirlitsmenn síðan rita í dráttabók happdrættisráðs yfirlýsing um að dráttur hafi farið fram löglega og svo sem skráð hafi verið í bókina. Dráttabók skal síðan afhent formanni happdrættisráðs.

Eftir hvern drátt lætur happdrættið án tafar prenta skýrslu um vinningana, hvaða hlutamiðar hafi hlotið vinning og hve háan.

Skýrslan skal send öllum umboðsmönnum happdrættisins og vera þar til sýnis viðskiptamönnum.

Fjármálaráðuneytið, 5. marz 1934.

Ásgeir Ásgeirsson.

Páll Eggert Ólason.

26

8. marz

REGLUGERÐ

um innflutning o. fl.

Samkvæmt bráðabirgðalögum dags. í dag um gjaldeyrisleyfi, innflutning o. fl. er hérmeð sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Til þess að flytja inn eftirtaldar vörur þarf leyfi gjaldeyrisnefndar.

- I. *Landbúnaðarvörur.* Kjötmeti allskonar, smjör, egg, ostur, dýrafeiti, kartöflur, haframjöl.
- II. *Sjávarútvegsvörur.* Fiskur, nýr, frystur, saltður eða reyktur.
- III. *Iðnvörur.* Húsgögn úr allskonar efni og hlutir úr þeim, smjörliki, kaffibætir, kerti, sápuvörur allskonar, skóáburður, gólfáburður, fægiefni, gerduft, brauð og kex allskonar.
- IV. *Sælgætisvörur.* Brjóstsykur, karamellur, munngúm, marsipan, konfekt, lakkris, sykraðir ávextir, átsúkkulaði, suðusúkkulaði.
- V. *Niðursoðuvörur.* Niðursoðnir ávextir, niðursoðið grænmeti, niðursoðið fiskmeti, ávaxtamauk.
- VI. *Drykkjarvörur.* Öl, gosdrykkir, ölkelduvatn, óáfeng vín, ávaxtasafi.
- VII. *Skrautmunir og málmvörur.* Gimsteinar, skrautmunir og áhöld, úr gulli, silfri, nýsilfri, plett, eir og nikkel, úr og klukkur.
- VIII. *Ávextir.* Nýir ávextir, þurkaðir ávextir.

IX. *Skófatnaður og leðurvörur.* Skófatnaður allskonar, leðurvörur allskonar og skinn, vörur úr gerfileðri. 26

8. marz

X. *Vefnaðarvörur og fatnaður.* Þrjónavörur og vefnaðarvörur úr hverskonar sem er og fatnaður úr allskonar efni, þar með talin sjóklæði, regnhlífir, sólhlífir, kniplingar. Undanþegið er þó hessian, segldúkur, pokar, lóðarbelgir, lampakveikir og sáraumbúðir.

XI. *Ýmsar vörur.* Nýtt grænmeti, ilmvötn, hárvötn og snyrtivörur, fiður og dúnn, myndarammar, veggmyndir og bréfspjöld, flugeldar og sérstök efni til þeirra, hljóðfæri, grammófónplötur, legsteinar, bifreiðar og bifhjól, skip og bátar, mótórar, skrifstofuvélar, sjónaukar, ljósmyndavélar, speglar, skotvopn, jólatré, jólatrésskraut, lifandi blóm, gerfíblóm, postulíns- og krystalvörur.

2. gr.

Nú telur einhver vafa á hvort vara sú, er hann vill flytja til landsins, falli undir ákvæði 1. gr., og getur hann þá leitað úrskurðar fjármálaráðuneytisins um það, og er það fullnaðar-úrskurður sem og aðrir úrskurðir þess út af skilningi á ákvæðum reglugerðar þessarar.

3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 50,000 kr. Sömu hegningu varðar það ef sá, sem fengið hefir gjaldeyrisleyfi, brýtur skilyrði, sem gjaldeyrisnefnd kann að hafa sett fyrir veitingu leyfisins. Ennfremur er upptækur sá ágóði, er fæst við brot á reglugerð þessari eða skilyrðum gjaldeyrisnefndar fyrir gjaldeyrisleyfi.

4. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lög-reglumál.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 8. marz 1934.

Ásgeir Ásgeirsson.

Torfi Jóhannsson,